

Ágætu aðalfundarfulltrúar, fundarmenn og aðrir góðir gestir!

Ég hef mál mitt á því að minnst fallinna félaga. Barátta Landssambands smábátæigenda spannar innan skamms fjóra áratugi og margir frumkvöðlanna hafa flutt á hinar eilífu veiðilendur. Á þessu ári eru þeir Birgir Guðjónsson, Hjörleifur Guðmundsson og Alfreð Sigmarsson þar á meðal. Þessir menn gáfu aldrei þumlung eftir í baráttunni – Staðfastir alla tíð.

Án þess að kasta rýrð á þessa vini mína kemst ég ekki hjá því að nefna sérstaklega hinn eina sanna Vestfjarðavíking, Guðmund Halldórsson frá Bolungarvík. Hann féll frá 30. júní sl. farinn að slá í nírætt.

Þar gekk sannur höfðingi. Heiðursfélagi Landssambands smábátæigenda og Eldingar, félagi smábátæigenda á Vestfjörðum norður.

Um Guðmund mætti halda langa tölu, en því verður ekki við komið á þessum vettvangi. Þeir sem yngri eru vita margir hverjir ekki einu sinni hver hann var eða fyrir hvað hann stóð.

En fleiri þekkja svokallaða Línuvílnun. Ég hef kallað það fyrirbrigði Línuvílnun Guðmundardóttir. Hann, einn síns liðs, lagði landsfund stærsta stjórnmalaflokks landsins árið 2003, sem leiddi til þess að enn þann dag í dag er þetta fyrirkomulag við lýði.

Minning Guðmundar Halldórssonar vinar míns mun lengi lifa og ef eitthvað er að marka fullyrðingar um framhaldslíf situr kappinn hér á meðal vor, brúnaþungur og íhugull á svip.

Ég bið ykkur að rísa úr sætum og minnst þessara góðu drengja í stuttri þögn.

--

Hef ég þá lesturinn, í anda þessara dáðadrengja:

Er það ekki alveg með ólíkindum, að 45 árum eftir að fullnaðarsigur vannst í síðasta þorskastríðinu í ársbyrjun 1977, þurfum við, sem berjumst fyrir aðgengi Íslendinga að sjávarauðlindinni, að safnast saman – í 38. skipti - til að minna á tilveru okkar og krefjast viðurkenningar stjórnvalda þar á. Hvernig má þetta vera?

Hetja Landhelgisstríðanna, nafni okkar manns, var Guðmundur Kjernested, skipherra á varðskipinu Tý. Hann varð táknmynd litlu eyþjóðarinnar sem barðist við ofureflið. Davíð gegn Golíat. Og sigraði.

Í viðtali, löngu síðar sagði kempan að honum hefði aldrei dottið til hugar að hann væri að berjast fyrir því að fiskveiðiauðlindin yrði færð fáum útvöldum. Ef hann hefði vitað það hefði hann ekki látið sér detta til hugar að halda úr höfn.

Hann var ekki einn. Ég eignaðist vin í einum af fyrrverandi skipherrunum Landhelgisgæslunnar, Helga Hallvarðssyni, og hann var nákvæmlega sama sinnis.

Árið 1975, tveimur árum áður en fullnaðarsigur vannst í þorskastríðunum gerðust þau tíðindi að Hafrannsóknastofnun gaf út sína frægustu skýrslu til dagsins í dag, hina svokölluðu „Svörtu skýrslu“. Það er athyglisvert að þessi skýrsla er síður en svo auðfundin á hinu alvitra interneti. Sá sem hér talar hefur bara fundið hana á einum stað – þ.e. á tímarit.is, þar sem Þjóðviljinn heitinn birti hana í heild sinni.

Í þessari mögnuðu skýrslu er nú ekki töluð vitleysan. Þar er staðhæft að sé Hafró hlýtt myndi jafnstöðuaflí þorsks aukast í 450-500 þúsund tonn og heildarbotnfiskaflinn í u.þ.b. 850 þúsund tonn. Þessi skýrsla Hafró var grunnurinn að fiskveiðistjórnunarkerfinu sem leitt var í lög og reglur í febrúarmánuði 1984.

Síðan þá hefur þessi stofnun að mestu leiti ráðið lögum og lofum yfir þessari tekjulind þjóðarinnar. Með þeim glæsilega árangri að fyrir síðasta fiskveiðiár var ráðgjöfin uppá rúm 200 þúsund tonn af þorski og u.þ.b. 400 þúsund tonn af botnfiski, þ.e. innan við helming þess sem talað var um í svörtu skýrslunni.

Afneitun þessara staðreynda innan sjávarútvegsins er nánast heillandi. Það skiptir engu hvað frá Hafró kemur, öll samtök innan sjávarútvegsins, nema Landsamband smábátæigenda og Samtök fiskframleiðenda bugta sig og beygja – öll undan sömu rökunum – að verið sé að fylgja bestu vísindalegri þekkingu.

Ég er hrifinn af dæmisögum og myndlíkingum. Hér er smá tilraun til að varpa ljósi á þetta undarlega fyrirbrigði.

Segjum sem svo að ríkisstjórn Íslands hefði gert samning á árinu 1984 um framleiðslu rafbíla við nokkur bílaumboð og bílaverkstæði í landinu. Samningurinn hefði hljóðað uppá að innan örfárra ára yrði drægni bílanna upb 850 km – rétt eins og lofað var með 850 þúsund tonna botnfiskaflann. Eftir að hafa framleitt þessa undrabíla í tæp 40 ár væri drægni þeirra u.þ.b. 400 km.

Til að kóróna vitleysuna yrði því haldið blákalt fram að vel hefði til tekist og alveg með ólíkindum að einhverjir setji upp hundshaus vegna þessa. Nákvæmlega þetta er staðan hvað varðar fiskveiðarnar.

Hinn 14. október sl birtist í Morgunblaðinu grein eftir Sveinbjörn Jónsson, einn af stofnendum Landssambands smábátæigenda, undir yfirskriftinni „Um vísindi og veruleika“. Þar segir m.a. :

„Meðan viljinn til að breyta þekkingu á forsendum upplýsinga er ekki fyrir hendi verða nýjar upplýsingar eingöngu til þess fallnar að draga fleiri rangar ályktanir“.

Sveinbjörn hefur, ásamt fleirum ritað fjölmargar greinar þar sem Hafró er gagnrýnd fyrir aðferðafræði við stofnstærðarmælingar og túlkun gagna. Viðbrögð Hafró hafa verið, í tilfalli Sveinbjörns, grafarþögn. Hvaða merkingu á ég sem leikmaður að leggja í þá staðreynd? Telur Hafró hann ekki svara verðan? Eða hitt – að stofnuninni vefjist tunga um tönn?

Magnús Jónsson, fyrrverandi veðurstofustjóri hefur einnig skrifað margar greinar þar sem hann gagnrýnir stofnunina. Þau undur og stórmerki gerðust fyrir stuttu að honum var svarað af hendi stofnunarinnar. Það er svo allt annað mál hvort svarið hafi verið á pari við ritrýnda vísindagrein.

Nú, öllum þessum árum síðar frá upphafi fiskveiðistjórnunarkerfisins leggur núverandi sjávarútvegsráðherra/matvælaráðherra það til málanna að skipa 46 manna hóp til að ná sátt um sjávarútvegsstefnu Íslendinga. 27 manns í „Samráðsnefnd“ og restina í fjóra starfshópa.

Sambærilegt hefur verið gert oftár en einu sinni áður, með þeim árangri að enn þann dag í dag er yfirgnæfandi meirihluti þjóðarinnar ósáttur við fyrirkomulag þessara mála.

Ég sit, fyrir hönd Landssambands smábátæigenda í 27 manna „Samráðsnefndinni“. Þar hafa verið haldnir þrjár fundir og eina plaggið sem fæðst hefur er skýrsla fyrrverandi forstjóra Hafró um starfsemi stofnunarinnar. Er þetta líkleg aðferð til að vekja upp gagnrýna og skapandi umræðu um stöðu mála?

Ég dreg ekki dul á þá skoðun mína að þessi nefndarskipan er ekki líkleg til mikilla breytinga. Og ég er ekki einn um þá skoðun meðal nefndarmanna. Hjalið inni fundarsalnum er í engu samræmi við spjallið á planinu fyrir framan Nauthól, þar sem Samráðsnefndin hefur fundað.

Þar sem tími minn er takmarkaður hér í ræðustól vil ég víkja að einu sem hefur farið hátt í umræðunni um sjávarútveginn. Svokölluð „orkuskipti“.

Fyrstu orkuskipti í íslenskum sjávarútvegi urðu þegar smábátar vélvæddust skömmu eftir aldamótin 1900. Nú á að endurtaka söguna – þ.e. áhersla á orkuskipti í smábátaflotanum.

Eins og þið flest vitið hefur það verið gefið út af hendi Matvælaráðuneytisins að strandveiðibátar sem rafvæðast fái heimild til að veiða heil 100 kg meira af þorski í verðlaunaskyni. Tímabundið til eins árs.

Ég átti samtalið við einn helsta smábátaframleiðanda landsins í fyrradag. Þar kom fram eftirfarandi: „Rafmótor/útbúnaður frá þekktasta framleiðanda véla í litla fiskibáta á Íslandi kostar að lágmarki upp 40 milljónir. Fullsmíðaður rafvæddur smábátur í strandveiðarnar kostar því að lágmarki 70 milljónir. Þetta er svo galið að það er ekki orðum á það eyðandi“.

Það sem veldur mér hugangri er þetta: Ef þetta er raunveruleikatenging stjórnvalda hvað orkuskipti varðar í fiskiskipaflotanum – hvað er þá að marka annað sem þau setja fram hvað varðar umbætur varðandi málefni smábátaflotans?

Ég spyr mig oft þeirrar spurningar hver eru hin raunverulegu ráðandi öfl í sjávarútveginum. Þetta kann vissulega að vera mismunandi milli landa og heimsálfa.

Hér á landi hefur stórútgærðin tögl og haldir. Víða í heiminum virðast hins vegar svokölluð umhverfissamtök hafa smeygt sér til valda og ekki hvað síst á sviði markaðsmála.

Splunkunýtt dæmi. Umhverfissamtök á vesturströnd Bandaríkjanna settu fyrir stuttu veiðar rauðkrabba við austurströndina á bannlista. Vegna hvers? Jú, vegna þess að svokallaður Íslandssléttbakur – Right Whale – flæktist í bólfærum humarveiðimanna við austurströnd Bandaríkjanna. Samtök humarveiðimanna á Austurströndinni bentu umsvifalaust á að ekki einn einasti Íslandssléttbakur hefði farist með þessum hætti í amk 20 ár. Þessi ábending veiðimannana hefur enn sem komið er engu skipt.

Það virðist orðin lenska að tala sem minnst, helst ekkert, við þá sem starfa á vettvangi.

Dæmi: Á risaráðstefnunni Rio + 20 í Rio De Janero árið 2012 var mér boðið að halda erindi á vegum Alþjóðasamtaka strandveiðimanna og fiskverkafólks. Í upphafi máls míns bað ég þá í salnum að rétta upp hönd sem ynnu við

fiskveiðar eða væru fiskimenn. Ástæðan var einföld, ráðstefnan snerist um að marka framtíð þessara aðila. Aðeins einn maður rétti upp hönd. Aðeins einn. Og hann stóð við útidyrnar. Í salnum voru rúmlega 500 manns.

Þetta er sá raunveruleiki sem við stöndum frammi fyrir. Þeir sem véla um framtíð smábátaútgerðarinnar hafa fæstir ef nokkrir komið nálægt því sem um ræðir.

Varla verður hjá því komist að nefna hið svokallaða drónaeftirlit Fiskistofu. Af óútskýrðum ástæðum virðist það ekkert koma persónuverndarlögum við að mynda að vild þá sem vinna á opnum bátum, en ef ég hef skilið hlutina rétt er ástæða þess að ekki hefur verið leyfilegt að setja upp eftirlitsmyndavélar á vinnsluþilförum stóru skipanna vegna þessara sömu persónuverndarlaga. Ef einhver getur útskýrt þetta fyrir mér á mannamáli þætti mér mikill fengur í því.

Brottkast er ólíðandi og við eigum ekki að láta það spyrjast um okkur. Á sama tíma verða stjórnvöld að skilja nauðsyn þess að fella í lög leikreglur sem gera mönnum kleift af koma með verðlausan eða svo verðlítinn fisk í land.

Það var athyglisvert sem fram kom í Fréttablaðinu fyrir stuttu, þar sem greinarhöfundur lýsti samtali sjómanns og eftirlitsmanns Fiskistofu sem hann varð óvart vitni að. Þar sagði eftirlitsmaðurinn að gera yrði „gott úr þessu“ – talandi um brottkast á stóru skipunum.

Það er aldeilis ekki viðmótið sem mætir smábátaeigendum. Þar fá menn bréf, hafi náðst af þeim myndir við að henda örfáum smáufsum – fiski sem engin leið er að gera verðmæti úr – með hótunum um allt að 6 ára fangelsi.

Þessi skrif í Fréttablaðinu hefðu að mínu viti átt að kalla á umsvifalaust svar Fiskistofu. Það hefur ekki gerst. Hvers vegna? Er þagnarvírus Hafrannsóknarstofnunar búinn að smita út frá sér? Allavega eiga þessar stofnanir sameiginlegt heimilisfang – Fornubúðir 5 í Hafnarfirði. Það er spurning hvort núverandi sjávarútvegs/matvælaráðherra sem er fyrrverandi heilbrigðisráðherra eigi ekki að innleiða grímuskyldu í þessu heimilisfangi.

Það rætist enn og aftur það sem sagt var forðum: Trillukarlar hafa stöðu grunaðs manns um leið og þeir sleppa spottunum. Yfirgnæfandi meirihluti þessara yfirfluga Fiskistofu er beint gegn smábátaflotanum – sem veiðir á milli 10 – 12% af botnfiskaflanum.

Á sama tíma hefur Fiskistofa ekki upplýsingar um það hve mörg stóru togveiðiskipanna eru með sérstakan vélbúnað um borð til að hakka í spað það sem fara skal fyrir borð. Nýjasta viðbragð Fiskistofu við gagnrýni á þessi vinnubrögð er að hún hafi ekki mannskap til að fylgjast með togaraflotanum. Í mínum huga er þetta sambærilegt því að lögreglan væri með viðamikið verkefni í gangi undir nafninu „eftirlit með þungatakmörkunum“ þar sem áherslan væri á barnavagna sem rúllað er eftir gangstéttum í miðborg Reykjavíkur. Þeir vigtaðir og mældir í bak og fyrir. Á sama tíma væri aðeins u.þ.b. 10% átaksins beint gegn stærstu og þyngstu flutningafarartækjunum sem bryðja í sig vegakerfi landsins allan sólarhringinn. Hefur Fiskistofa aldrei heyrt af svokallaðri meðalhófsreglu?

Ágætu tilheyrendur!

Í þesum lestri mínum hef ég tæpt á nokkrum málum sem mætt hafa á skrifstofu LS frá því við hittumst fyrir ári síðan. Ég og Örn Pálsson framkvæmdastjóri erum ekki almáttugir. En við gerum okkar besta til að sinna því sem okkur ber. Eins og sakir standa eru stöðugildi skrifstofunnar 1,6. Ég fæ oft á tilfinninguna að félagsmenn telji þau að lágmarki 10 sinnum fleiri. Landssamband smábátæigenda var stofnað á þeirri grundvallarsannfæringu að veiðar smábáta ættu að vera frjálssar – hinar náttúrulegu aðstæður við Íslandsstrendur væru meira en nógar sóknartakmarkanir. Það gleður mig sannarlega að verða vitni að því að þessi frelsisandi lifir góðu lífi enn í dag. Fyrir fundinum liggja fjölmargar tillögur svæðifélaganna þar sem þau álykta m.a. um frjálssar handfæraveiðar.

Nú göngum við til nefndarstarfa og ég treysti ykkur fullkomlega til að leysa verkefnin sem þar bíða vel úr hendi. Ég hef frá stofnfundinum 5. desember 1985 hvatt ykkur til að standa saman, því það er svo margfalt fleira sem sameinar okkur en sundrar. Göngum til verka með það í huga.

Ég segi 38. aðalfund Landssambands smábátæigenda settan.